

## AUGLÝSING

### um staðfestingu gjaldskrár Bandalags íslenskra græðara vegna skráningar og viðhalds skráningar í frjálsu skráningarkerfi græðara.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari staðfest, hinn 4. apríl 2007, gjaldskrá Bandalags íslenskra græðara vegna skráningar og viðhalds skráningar í frjálsu skráningarkerfi græðara skv. 3. gr. laga nr. 34/2005 um græðara. Gjaldskráin var samhljóða samþykkt á fundi þeirra hinn 26. febrúar 2007 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. apríl 2007.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

#### Fylgiskjal.

### **GJALDSKRÁ** **Bandalags íslenskra græðara** **vegna skráningar og viðhalds skráningar í frjálsu skráningarkerfi græðara.**

1. gr.

Bandalagi íslenskra græðara er heimilt að innheimta skráningargjald sem standa skal undir kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins.

2. gr.

#### **Frumskráningargjald:**

Með frumskráningargjaldi er átt við gjald vegna fyrstu skráningar græðara í frjálsu skráningarkerfi græðara.

- |    |   |            |
|----|---|------------|
| a. | Gjald fyrir frumskráningu græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein    | kr. 5.000  |
| b. | Fyrir hverja skráða aukagrein   | kr. 1.500  |
| c. | Gjald fyrir frumskráningu græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein | kr. 10.000 |
| d. | Fyrir hverja skráða aukagrein   | kr. 3.000  |

Sæki græðari síðar um skráningu aukagreinar skal hann við fyrstu skráningu hennar greiða frumskráningargjald fyrir aukagrein.

#### **Árlegt þjónustugjald vegna skráningar í skráningarkerfi:**

Með árlegu þjónustugjaldi er átt við gjald sem græðari greiðir til Bandalags íslenskra græðara til að viðhalda skráningu sinni í frjálsu skráningarkerfi græðara og vegna annars kostnaðar svo sem vegna breytinga á starfsstöð græðara.

- |    |   |
|----|---|
| a. | Árlegt þjónustugjald vegna skráningar græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein, allt að kr. 2.500.    |
| b. | Árlegt þjónustugjald vegna skráningar græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein, allt að kr. 5.000. |

**Endurskráningargjald:**

Með endurskráningargjaldi er átt við gjald sem innheimta skal þegar græðari, sem að eigin ósk hefur verið afskráður úr frjálsu skráningarkerfi græðara óskar eftir því að vera skráður í kerfið á ný eða græðari sem tekinn hefur verið af skrá óskar eftir endurskráningu.

- a. Gjald fyrir endurskráningu græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein kr. 5.000
- b. Fyrir hverja aukagrein kr. 1.500
- c. Gjald fyrir endurskráningu græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein kr. 10.000
- d. Fyrir hverja aukagrein kr. 3.000

## 3. gr.

Frumskráningargjald skal greiða Bandalagi íslenskra græðara um leið og umsókn um frumskráningu í skráningarkerfið er lögð fram. Sama gildir um endurskráningargjald.

Bandalag íslenskra græðara innheimtir árlega þjónustugjald hjá skráðum græðara til að standa undir rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Gjaldalagi árlægs skráningargjalds vegna skráningar í skráningarkerfið er 15. apríl ár hvert og eindagi er 15. maí ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt á eindaga greiðast dráttarvextir frá gjalddaga.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett skv. 3. gr. laga nr. 34/2005 um græðara skal birt í B-deild Stjórnartíðinda, skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005 og öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 4. apríl 2007.*

**Anna Birna Ragnarsdóttir.**

**Ásta M. Agnarsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2007